

-Hólmur í mynni Laxárdals-

Bæjarhlað og hús 3

Skýrsla VIII



Bjarni F. Einarsson
2007

Forsíðumyndin sýnir kolu úr klébergi sem lá á mörkum húss 3 og meints skála
(í dyrum?). Ljós. BFE. Gripur nr. 110.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Desember 2007.

1 Inngangur

Rannsóknin í Hólmi sumarið 2007 var að venju framhald fyrri rannsókna undirritaðs á staðnum sem staðið hafa yfir frá sumrinu 1996 með hléum. Hverju sumri hafa verið gerð skil í skýrslum (Bjarni F. Einarsson 1996, 1998(a), 2000, 2001, 2002, 2003 og 2007) og grein birtist í Skaftfellingsi 1998 (Ibid 1998(b)). Um aðdraganda rannsókna, umhverfi og sögu staðarins, er vísað í ofangreindar heimildir. Vætanleg er á næsta ári ýtarleg grein um blótstaðinn í erlendu fagriti.

Eftir talsverða leit að skála, sem hlaut að vera á eða nálægt þeim stað sem áður hefur verið talið bæjarstæði, fannst skálinn í lok rannsókna sumarið 2001 og var svo staðfestur árið eftir. Lokið var við að rannsaka skálann síðastliðið sumar, en þó voru vísbendingar um að eitthvað kynni að finnast rétt suður af skálanum og vestan við hann (Ibid 2007). Var ákveðið að kanna þetta frekar nú í sumar sem leið. Markmið rannsókna þetta sumar var þríþætt. Í fyrsta lagi að kanna hvort finna mætti einhver ummerki um athafnir manna utan og sunnan við skálann, eða á hlaðinu. Að fá á hreint stærð húss 3 sem fundist hafði sumarið 2001 í prufuholu 6 og kanna afstöðu þess við hús sem sást í leitarskurði norðaustur úr reit C.

Í skýrslu VII frá 2007 segir: „... er mikilvægt fyrir nánari skilning á blótstaðnum að sjálft bæjarstæðið sem blótstaðurinn tilheyrði, yrði rannsakað. Þannig fæst heildrænt yfirlit yfir bæ og blótstað frá fyrstu árum byggðar í landinu. Slikt hefur ekki verið gert áður, hvorki hérlendis né erlendis þegar kemur að víkingaaldar minjum. Rannsóknin í Hólmi ætti því að hafa talsverða þýðingu fyrir norræna fornleifafræði.“ (Ibid 2007:3). Þetta hefur ekkert breyst.

Rannsóknirnar 2007 hófust þann 25. júní síðastliðinn og stóðu yfir í þrjár vikur. Auk undirritaðs unnu allan tíman við rannsóknirnar fornleifafræðingarnir Sandra Sif Einarsdóttir, Inga Hlín Valdimarsdóttir og Brynhildur Baldursdóttir, sömuleiðis Ármann Guðmundsson fornleifafræðinemi og Íris Lind Bjarnadóttir nemi. Björn G. Arnarsson safnvörður hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar var okkur innan handar um ýmislegt mestan tímann og aðstoðaði við að grafa ofan af rannsóknarsvæðinu með vélgröfu áður en kom að sjálfum uppgreftinum.

Tjald var fengið að láni hjá sjálfboðaliðum í Skaftafelli, sama tjald og fylgt hefur rannsóknum á Bæ í Örafum síðastliðin þrjú sumur.

Styrktaraðilar rannsókna 2007 voru Fjármálaráðuneytið, Fornleifasjóður, Fornleifafræðistofan, Sveitarfélagið Hornafjörður og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Er öllum þessum aðilum færðar hinar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Vinnufélögum mínum, styrktaraðilum og öllum þeim sem komið hafa að rannsóknunum færi ég einnig mínar bestu þakkir.



Mynd 1. Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu. Úr Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

Þessi skýrsla er að hluta til unnin upp úr eldri skýrslum. Lýsingar á nýjum mannvirkjum eru í þessari skýrslu, en ekki lýsingar á mannvirkjum sem áður hafa verið gerð skil. Heildarlýsing á skála og mannvirkjum innan hans eru gerð skil í skýrslu VII (2007).

2 Uppgröftur

Sett var upp nýtt hnita- og hæðakerfi á hlaðinu sunnan við skálann vegna þess að skepnur höfðu leikið alla merkihæla gamla kerfisins svo illa að ekki var hægt að finna gamla kerfið aftur. Teikningar fylgdu því nýja kerfinu, en voru svo samræmdar gamla kerfinu þegar inn var komið. Í þessari skýrslu eru teikningar yfirfærðar í gamla kerfið. Nýja hæðarkerfið var notað í byrjun, en var svo mælt upp aftur þegar færi gafst og upprunalega kerfið notað eftir það. Á frumteikningum eru hæðir því 10,13 m of háar í vissum tilfellum. Skulu þær vera um 18 m yfir sjávarmáli sunnan við skálann í stað um 28 m yfir sjávarmáli. Nýr Fix - punktur, sem settur var upp (rör rekið niður í jörðina), var við X 396 Y 495. Hæð punktarins var 19,83 m. y. s. eftir leiðréttingu.¹

Í kring um hús 3 var hins vegar gamla hnita- og hæðakerfið sett upp aftur. Færa þurfti þó Fix - punktinn vegna þess að hann hafði verið eyðilagður. Ný staðsetning punktarins er X 200 Y 218 og hæð hans 19,43 m. y. s. Númer gripa var í beinu framhaldi af fyrri númerum. Sama á við um aðra lista eða skrár, svo sem ljósmyndir. Teknar voru litskyggnur og stafrænar myndir.

¹ Þetta er skrifað á frumteikningar og verður leiðrétt við hreinteikningu og í skýrslu(m).



Mynd 2. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið suður af skálanum. Sjá má blótstaðinn fyrir miðri mynd, við rætur Selhryggjarins, sjávarkambsins mikla. (Ljós. BFE. Horft mót NA. Stafrænar myndir nr. 274.

Örfá snið voru teiknuð, en jarðlög eru í stórum dráttum eins og áður hefur komið fram í skýrslum, sbr. myndir 10 - 12 og 14 í skýrslu II (Ibid 1998(a)).

Á bæjarstæðinu voru fyrst grafnar fimm prufuholur í ágúst 1996 (Ibid 1997). Á grundvelli niðurstaðnanna þá hófst uppgröftur sumarið þar á eftir eins og áður greinir. Þá voru m. a. opnaðir þrír stærri reitir, reitir A - C, auk minni reitar D. Samtals voru um 140 fermetrar opnaðir þá. Nokkur hús fundust, en aðeins eitt þeirra rannsakað til hlítar eða því sem næst, en það var hús 1 í reit A og B. Nú var ákveðið að hreinsa fram allt hús 3, sem fundist hafði í prufuholu 6 árið 2001 og reyna að grafa eins mikið og tíminn leyfði. Húsið er í ákveðinni hættu vegna uppblásturs og rofs og ljóst að dálítill hluti þess er þegar skaddaður. Hús 3 hafði áður óþekkta byggingarþætti hvað torftækni varðar, en veggir þess voru hlaðnir úr streng sem lá þvert á stefnu hússins, einskonar þverstreng. Sama kom síðar í ljós í veggjum skálans og er að koma í ljós í húsi 4.

3 Svæðið suður af skálanum (húsi 5)

Ástæða þess að ákveðið var að skoða svæðið suður af skálanum var í fyrsta lagi sú að vísbendingar höfðu komið í ljós í fyrra um að stétt gæti legið

áfram til suðurs úr skálanum. Í öðru lagi var spennandi að skoða nær-umhverfi skálans til samanburðar við nær-umhverfi jarðhýsisins á blótstaðnum. Hvað gátu hugsanleg ummerki um athafnir fólks og umferð þess sagt okkur? Í hverju felst munurinn? Opnað var 10 x 12 m (A - V) stórt svæði til að svara þessum spurningum.

Niðurstaðan af rannsókninni er í stuttu máli sú að sunnan við skálann fundust afar lítil ummerki um athafnir fólks. Umferð manna hefur því legið annarsstaðar út úr skálanum, eða þar sem dyr voru á austur langvegg og hugsanlega við meintar dyr á vestur langvegg. Um dyrnar á gaflinum hafa trúlega skepnur aðallega farið.

Nær engir gripur fundust og mannvistarlag var afar slitrótt og lítilfjörlegt. Af þeim fjórum gripum sem fundust suður af skálanum var brýni í vegg, syðst í dyrum inn í skálann og ógreinanlegur járngripur suðaustast á svæðinu. Hinir tveir voru eldsláttusteinar sem fundust í rennunni.

3.1 Þúst/bunga

Mest áberandi í byrjun rannsókna nú í sumar var þúst eða bunga úr torfi sem talin var geta verið smáhýsi eða jarðhýsi (mynd 3). Nánari rannsókn á henni sýndi að um hvorugt var að ræða heldur bingu úr torfi. Voru torfurnar ógreinilegar að sjá, en minntu þó mjög á torfið í dyrakampinum á gafl skálans. Stoðarhola 5 lá undir þessari bingu og viðarkolalag sömuleiðis. Túlkun á þessari bingu er ekki vandalaus, en að svo komnu máli er bungan túlkuð sem afgangar af torfi sem dregið hefur verið á byggingarstað þegar byggja átti dyrakamp við gafl skálans og nýjar dyr út um. Greinilegur munur er á torfinu í langveggjum skálans og kampinum við gaflinn og sést hann skýrast



Mynd 3. Í forgrunni myndarinnar má sjá þústina eða bunguna sunnan (eða öllu heldur SV) við suðurgafl skálans. Sjá má dyrnar í gegnum gaflinn fyrir miðri mynd. (Ljósm. BFE. Horft mót NA. Stafrænar myndir nr. 268).

á því að svarta gjósku vantar alveg í langveggina.

Í bungunni var tekið eitt sýni úr viðarkolalagi sem var að finna austast í henni, eða nánar tiltekið undir henni. Sýnið er nr. 38. Engir gripir fundust í bungunni.

3.2 Stoðarhola nr. 4


Skammt suður af skálanum kom í ljós stoðarhola við X 507,10 Y 396,2 (myndir 4 - 6). Var hún 43 sm í þvermál og 22,5 sm djúp. Hæð stoðarholunnar var 18,65 m. Botn hennar var skálarlaga. Vestan megin í holunni var viðarkolasalli, sem þynntist mjög eftir því sem austar dró. Úr sallanum voru tekin tvö sýni nr. 39 og 40 (sjá kafla 5.1). Hugsanlega hefur hluti stoðarinnar verið brenndur áður en að stoðin hefur verið sett niður. Að öðru leyti var fyllingin úr áfoki. Dýpt holunnar hefur verið talsvert meiri í öndverðu, enda var búið að skafa a.m.k. 5 - 10 sm ofan af holunni áður en hún var teiknuð. Líklega hefur þetta ekki verið háreist stoð og jafnvel mögulegt að þarna hafi verið eitthvað annað en stoð eða staur. Holan var ekki hluti af innviðum húss.




Mynd 4. Stoðarhola 4 skammt suður af skálanum. (Ljós. BFE. Horft mót NNA. Stafrænar myndir nr. 269.)



Mynd 5. Snið í stoðarholu 4. Sjá má viðarkolalag neðarlega t.v. í holunni. (Ljós. BFE. Horft mót NNA. Stafrænar myndir nr. 273.)



Mynd 6. Sniðteikning í stoðarholu 4.



Mynd 7. Plan- og sniðteikning stoðarholu 5.

3.3 Stöðarhola nr. 5

Holan (myndir 7 - 9) kom í raun undan þústinni/bungunni og var staðsett við X 394,75 Y 504,30 (nýja hnitakerfið). Hæðin var 18, m. Mesta þvermál holunnar var 18,57 sm og dýptin var 12 sm. Í henni voru nokkrir steinar og getur einn þeirra hafa verið hluti af steinfóðringu. Annars var fyllingin í holunni full af áfoki, en þó sást einn agnarsmár viðarkolamoli. Holan var



ekki hluti af innviðum húss, en gæti t. d. hafa verið hluti af girðingu eða staðið ein og sér til að hengja eitthvað á eða binda skepnu við.


Mynd 8. Stöðarhola 5 grafin til hálf. Neðst má sjá steina sem gætu hafa verið settir til að halda stoðinni stöðugri. (Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 300).




Mynd 9. Stöðarhola 5 fullgrafin. Sjá má stóran stein sem settur hefur verið ofan í holuna eftir að stoðin sjálf var farin. (Ljós. BFE. Horft mót SSV. Stafrænar myndir nr. 303).



Mynd 10. Rennan í sniði (snið 1) framan við gafldyr skálans. (Ljósmynd. SSE. Horft mót NA. Stafrænar myndir nr. 290).



Mynd 11. Snið 3 í rennuna út úr skálanum. Sniðið er nokkra metra norðan við snið 1 sem sést á mynd 10. Myndin sýnir að hellu hefur verið komið fyrir í rennuna eftir að hún tók að myndast. Neðarlega t.h. voru einstaka viðarkolamolar.




Mynd 12. Snið við suðurmörk rannsóknarsvæðisins suður af skálanum. Sjá má einstaka viðarkolamola neðarlega í rennunni. Yfir öllu eru gjóskulög sem eru í greiningu (lag nr. 9 og 11). Lag 6 er örugglega Ö 1362 og lag 11 gæti verið frá 1206.

3.4 Renna

Þegar komið var vel niður við austurhluta bungunnar kom í ljós renna (mynd 10 – 13). Hún var svo rakin að skáladyrum til norðurs og í sniðið við suðurmörk rannsóknarsvæðisins til suðurs. Í rennunni var nær einungis áfok með örfáum viðarkolamolum. Teiknuð voru fjögur snið í rennuna, eitt upp við dyr í skála (mynd 11), annað nokkra metra frá og það þriðja við snið rannsóknarsvæðisins í suður. Að lokum var tekið snið inn í dyrunum

til að kanna hvort rennan lægi undir stéttinni eða ekki.

Rennan lá undir syðstu hellunni í stéttinni út úr skálanum, sbr. mynd 11. Þegar grafið var 1,2 m norðan við þá hellu var rennan nær því horfin sem bendir eindregið til þess að syðstu hellurnar hafi verið lagðar á eftir þeim sem eru norðar og innar í dyrunum. Það styrkir tilgátuna um að



Mynd 13. Lokateikning af skála og nánasta umhverfi. Hve langt til suðurs rennan (gulbrún) kann að liggja verður ekkert sagt með vissu. Annaðhvort endar hún við mannvirki eða hverfur smám saman. Þetta væri hægt að sannreyna með leitarskurðum. Punktalína sýnir ýmis stig rannsóknarinnar og strikálínur sýna gamla leitarskurði frá 2002, nema prufuholan frá 2001.

dyrakampurinn hafi verið lengdur á seinni tilverustigum hússins og að stéttin hafi þá einnig verið lengd. Þetta gæti tengst dýrahaldi á einhvern hátt, t. d. að umferð dýra hafi kallað á þessa lausn.

Hlutverk þessarar rennu er óljóst, en ekki hefur það verið að flytja vatn eða hland út úr skálanum vegna þess að henni hallar að skáladyrum, ekki frá. Hér gæti verið komin fjárgata eða gata eftir önnur dýr svo sem geitur eða svín og jafnvel hesta. Í skýrslu VII var því velt upp sem möguleika að suðurhluti skálans kynni að hafa verið nýttur fyrir skepnur (2007:10) eftir að hætt var að búa í honum og gaf skálans rofinn og dyr og dyrakampur settar í hann. Torfið í kampinum og bungunni var, eins og áður hefur komið fram, mjög ólíkt. Vantaði alveg svarta gjósku í langveggi skálans, en hún var bæði í kampinum og bungunni.

Breidd götunnar út úr skálanum minnir mjög mikið á sorfnar götur í hraunhellur, sem finnast víða hér á landi, t. d. gömlu leiðina yfir Helligheiði, Selvogsötu á sunnanverðu Reykjanesi og Straumsselsstíg skammt suður af Straumsvík (sjá mynd 14).


Gólf í suðurhluta skálans sást vart sem kynni að vera vegna þess að þar héldu manneskjur ekki til eða að þar var búr eða staður fyrir skepnur.

Í rennunni fundust tveir gripir eins og áður greinir, eldsláttusteinar úr glerhalli og hrafntinnu (nr. 106 og 107). Örfáir viðarkolamolar sást hér og hvar í rennunni og eitt brennt bein (um 1 sm í þvermál) sást við snið 4, um 3 - 4 sm frá botni rennunnar. Þessir viðarkolamolar gætu hafa borist með skepnum innan úr skálanum og verið til komið þegar menn bjuggu í honum. Eitt sýni var tekið úr rennunni, u. þ. b. norð-austur af þústinni (sýni nr. 42).

4 Hús 3 og nágreinni.

Í kring um hús 3 var opnaður um 9,7 x 11,3 m stór reitur. Markmið uppgrftarins þar var að fá á hreint stærð húss 3 og afstöðu þess til mannvirkja sem áður höfðu fundist vestur og suður af húsinu (Bjarni F. Einarsson 1997(a)). Eitt þessara mannvirkja var hús 4 (sjá mynd 17) og því var þess freistað að sjá ummerki um það, sem þarna fannst fyrst 1997.

Niðurstaðan er sú að hús 3 gæti verið viðbygging við skála eða verið nokkuð stærra en áður var talið. Sunnan við það komu í ljós sterkar



Mynd 14. Straumsselsstígur í hraununum suður af Straumsvík. Sjá má hvernig umferð manna og dýra hefur sorfið rás í hraunhelluna. Horft mót N. (Ljósm. SSE).

vísbendingar um annað hús (hús 4). Á milli húsanna er talsvert af mannvistarlagi (ólíkt því sem sást suður af skálanum (húsi 5), þar var það mjög lítilfjörlegt og iðulega í slettum en ekki samfelld.

Á svæðinu fundust 10 gripir. Þrír þeirra fundust á hlaðinu eða utan við húsin. Voru það einn ógreinanlegur

járnsmoli, skinna úr járni og kljásteyni úr sandsteini með boruðu gati. Mannvistarlög á svæðinu eru hvergi nærri fullgráfin enn. Á svæði C, sem grafið var 1998 og 2001, fundust all margir gripir og því má vænta fleiri gripa á nýja svæðinu í kring um hús 3 og 4.

Aðrir gripir, sjö að tölu, fundust nú í húsi 3. Þeir eru þrír vænir molar úr glerhalli, ein járnskinna, einn hnoðnagli úr járni, einn járnþinni og ein kola úr klébergi (sjá forsíðumynd). Sumarið 2001 fundust í húsinu tveir skrautsteinar úr grænum og rauðum jaspis. Mikið er enn ógrafið í og við hús 3 og 4 og því fleiri gripa að vænta þar.

4.1 Hús 3

Hús 3 fannst fyrst árið 2001, í prufuholu 6² (Bjarni F. Einarsson 2002:23 o.áfr.). Innri breidd hússins var hægt að sjá þá, en hún var rétt tæplega 2,40 m. Um frekari stærð hússins var ekkert hægt að segja. Talið var að húsið gæti ekki verið mannaústaður, en það verður að teljast hæpin fullyrðing miðað við það sem fram kom nú sumar (kolan, gólfið, brennd bein o.s.frv.). Um þetta verður þó ekkert sagt með vissu fyrir en allt húsið er rannsakað.



Mynd 15. Hús 3 við lok rannsókna sumari 2007. Sjá má dyr á horni t.v. Prufuhola 6 liggur skáhalt yfir húsið. Horft mót NV. (Ljósmynd. BFE. Stafrænar myndir nr. 317).



Mynd 16. Suður langveggur í húsi 3. Sjá má þverstrenginn í veggnum. Horft mót SV. (Ljósmynd. BFE. Stafrænar myndir nr. 322).


² Í skurði sem grafinn var út úr reit C árið 1997 var komið niður á vegg sem síðar kom í ljós að tilheyrði húsi 3 eða húsi sem hús 3 var áfast við (Bjarni F. Einarsson 1998:26-27).

Við norðurhliðina voru margar pinnaholur sem komu í ljós við rannsókn í prufuholu 6. Þessar pinnaholur gætu verið að finna utan við sjálfa prufuholuna, en þetta var ekki fullkannað síðastliðið sumar.

Í skurði, sem lá til NA, út úr reit C, var komið niður á torfvegg sem lá í svipaðri stefnu og syðri veggurinn í prufuholu 6. Einnig var þar gólf norðan við þennan vegg. Grafinn var um 9,7 x 11,3 m stór flötur í kring um hús 3 til að fá stærð húss 3 á hreint og skoða afstöðu þess við vegginn og gólfið í áðurnefndum skurði út úr reit C til NV.

Þegar grafið hafði verið ofan af húsinu var þess freistað að finna útlínur hússins í fletinum með því að grafa ofan af því með handaflí. Smám saman teiknaði húsið sig nokkuð vel og í ljós kom að það var hugsanlega viðbygging við annað mun stærra og breiðara hús sem fannst í leitarskurði út úr reit C árið 1997. Er líklegt að nýja húsið (sem fær einnig nr. 3) sé skáli. Það liggur með rofabarðinu u. þ. b. NV - SA. Nyrðri langveggur þess er að líkindum farinn í uppblástur, en sennilega verður hægt að sjá lengd hússins og meta breiddina þegar það verður rannsakað nánar næsta sumar, fáist áframhaldandi styrkur til rannsókna. Ekki er þó alveg hægt að útiloka þann möguleika að hús 3 sé lengra en talið var og nái eitthvað lengra til vesturs en nú er hægt að greina. Þar sem samskeyti skála og viðbyggingar eru talin vera eru greinilega samskeyttir veggir. Ekki er hægt að útiloka að þessi samskeyti séu merki um að hús 3 hafi verið stækkað til vesturs og þar sé því ekki skála að finna heldur annarskonar hús. Þetta mun skýrast í næstu umferð rannsókna.

Hús 3 snýr því sem næst hornrétt á skálann (hús 5), sem fullrannsakaður var sumarið 2006 (Ibid 2007). Ef um skála með viðbyggingu er að ræða við hús 3 hefur hann ekki, eins og algengast er, snúið í stefnu dalsins eins og hús 5. Hann hefur þess í stað snúið hornrétt á dalinn og hús 5. Tvær ástæður gætu verið til þessa, í fyrsta lagi getur verið um aðlögun að ræða, en austanáttin á svæðinu er vindasöm must. Í öðru lagi hefur fólk hugsanlega fengið nýtt viðmið og tekið mið af hinum áberandi Selhrygg en ekki dalnum. Selhryggurinn er áberandi í landinu og hefur smám saman orðið að mikilvægu kennileiti sem hefur haft áhrif á rýmiskennd fólksins. Mikilvægi



Mynd 17. Reitur C, sem fyrst var opnaður sumarið 1997. Þá var talið að hús 2 væri skáli, en nú eru líkur á því að það sé ekki hús, heldur hlað eða athafnasvæði við húsin á svæðinu (hús 1 sunnan við reitinn, og hús 3 og 4). (Frumt. BFE. AA. Hreint. AA. BFE 1997-2001 Úr Bjarni F. Einarsson 2002:20).


hans hefur ekki minnkað eftir að kumlið og blóthúsið höfðu verið sett í hrygginn neðanverðan.

Það má benda á að þegar lágskýjar er, sjást fjöllin ekki og Selhryggurinn verður þá helsta kennileitið í dalnum séð frá bæjarstæðinu.

Einnig gæti Hólmslækjarlindin, sem rennur rétt hjá bæjarstæðinu til vesturs, haft áhrif á stefnu hins nýja skála.

4.1.1 Veggir og dyr húss 3

Veggirnir í húsi 3 eru úr hreinu torfi og eru hlaðnir á samskonar máta og veggir húss 5 (skála) og húss 4 að hluta. Slíka hleðslu hef ég kosið að kalla þverstreng (sjá mynd 16). Breidd veggjanna er á bilinu 0,92 – 1,14 m. Greinilegt er, eins og fram kemur hér að ofan, að veggjum í húsinu hefur verið skeytt saman þar sem líklegt er að viðbygging sé tengd skála eða að samskeytin séu ummerki eftir stækkun. Þessi samskeyti eru sýnd á



Mynd 18. Flatarteikning af húsi 3 og dreifing gripa í því og næsta nágrenni. Gólfíð í húsinu hefur ekki verið rannsakað nema að litlu leyti og því er útbreiðsla þess svona lítil eins og sjá má á teikningunni (grár litur). Samskeyti á suðurveggnum má sjá þar sem línur ganga í gegnum vegginn. Mörk uppgriftarsvæðisins eru ekki sýnd nema að litlu leyti. Í skurðinum út úr reit C var vegg að finna yst árið 2001. Hans varð ekki vart nú. Norður vísar upp.

flatarteikningu yfir rústina. Norðaustur langveggur þessa hugsanlega skála virðist afar illa farinn og jafnvel alveg eyddur á löngum kafla.

Dyr eru á suður horni hússins mót suðri. Breidd dyranna er 0,5 m þar sem þær eru þrengstar, utarlega. Eru þær svolítið óvenjulegar, jafnvel einstakar, fyrir það að vera á sjálfu bláhorni hússins. Utan við dyrnar eru steinar sem skoðaðir verða næsta sumar, sem og það sem eftir er að rannsaka af húsinu.



Mynd 19. Austurhluti húss 3. Sjá má dyrnar í horninu á rústinni. Prufuhola 6 er vinstra megin á myndinni. Horft mót NNV. (Stafrænar myndir nr. 323. Ljós. BFE).

Kljásteinar	15 + 1 = 16	Steinar	7
Naglar	5	Eldsláttusteinar	7 + 2 = 9
Hnoðnaglar	4 + 1 = 5	Skrautsteinar	19 + 3 = 22
Grýtur	6	Unnir steinar	2
Hamarshaus	1	Teinn/nagli	1 + 1 = 2
Flaga úr ópal	1	Flaga úr hrafntinnu	1
Flaga úr tinnu	1	Skífa	1
Kambur	1	Teinn/gjall	1
Lóð	1	Skeifa (ung)	1
Hnífur	1	Sívalningur	1
Snældusnúður	3	Gjall	1
Járnband með hnoði	1	Krókur	1
Kléberg	1	Brýni	7 + 1 = 8
Járn	4 + 1 = 5	Vaðsteinn	1
Hella (bökunarhella?)	1	Deigla	1

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa, sem fundist hafa frá upphafi rannsókna á bæjarstæði Hólms. Feitletrað sýnir gripi fundna sumarið 2007. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu. Lausafundir eru taldir með í töflunni.

Kljásteinar	4	Steinar (sívalir)	2
Eldsláttusteinar	3	Vaðsteinn	1
Skrautsteinar	6	Deigla	1
Grýtur	2	Hella (bökunarhella?)	1
Snældusnúður	2	Járn	4
Krókur	1	Brýni	6 + 1 = 7

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa, sem fundist hafa í skálanum (húsi 5). Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu. Feitletrað er viðbót árið 2007.

4.2 Hús 4

Lítill hluti er enn kominn fram af húsi 4, en allt bendir til þess að um lítið hús sé að ræða. Um stærðir er ekki hægt að segja neitt með vissu að svo komnu máli. Hefur það líklega snúið eins og hús 3, eða NV - SA. Hugsanlega eru dyr á gafli hússins mót SA. Húsið veður kannað næsta sumar. Um tvo m SSV af því eru torfflyksur sem gætu verið hluti af torfvegg í húsinu. ASA af húsinu eru aðrar torfflyksur sem gætu verið vísbendingar um annað hús, eða verið hluti af húsi 4, sem þá er mun stærra en hér hefur verið talið.



Mynd 20. Hús 4 sést ógreinilega t.h. á myndinni neðanverðri. Sjá má ljósa flekki í torfi hússins og greinilegt að veggurinn er verr farinn hægra megin. Mikið er enn ógert í húsi þessu. Horft mót SSA. (Stafrænar myndir nr. 305. Ljósm. BFE).

4.2.1 Veggir húss 4

Veggir húss 4 eru úr hreinu torfi. Gafli hússins var grafinn fram árið 2001 og þar voru hnausar í veggnum (sjá mynd 17). NA - veggurinn er hins vegar með þverstreng eins og hús 3 og 5, skáli (sjá mynd 20). Húsið verður vonandi fullrannsakað á næsta sumri.

5 Greiningar

Að þessu sinni voru viðarkolasýni og gjóskusýni send til tegunda- og aldursgreiningar hjá viðeigandi sérfræðingum.

5:1 Viðarkolasýni


Tekin voru þrjú viðarkolasýni. Sýni 38 úr þústinni sunnan við skálann, nr. 39 úr fyllingu í stoðarholu 4 og nr. 40 úr sömu stoðarholu. Tvö þau fyrr nefndu voru send í tegundagreiningu á Mógilsá. Þar voru valin hentugustu molarnir til C-14 aldursgreiningar. Greininguna annaðist dr. Ólafur Eggertsson jarðfræðingur hjá Mógilsá. Þriðja sýnið er til vara.

Að tegundagreiningu lokinni var sýni nr. 39 sent til aldursgreiningar hjá Beta Analytic INC. í Florída.

Sýnið sem sent var hafði eigin aldur upp á 12 ár og var úr birki. C-14 greining á því sýndi að sýnið var 1130 ± 40 ára (BP). Með 2 sigma (95%) öryggi má segja að sýnið hafi verið brennt einhvern tímann á árabílinu 870 – 1010 e. Kr. Með eins sigma öryggi (65%) má segja að það hafi verið brennt einhvern tímann á árabílinu 890 – 980 e. Kr.

Hólmur 2007 2 sýnapokar með kolum	38. Stærstu kolin valin til viðargreininga	1. Birki/fjalldrapi 2. Birki - grein 3. Birki - bolur 4. Birki - grein	37 ár 15 ár 14 ár 12 ár	Ekki gott í C-14 of hár eiginaldur Já, gott sýni til C-14 Nei ekki við börk . Kol úr birkibol Já, gott sýni til C-14
	39. 8st kol valin af handahófi úr sýnapoka	1. Birki/Fjalldrapi 2. Birki 3. Víðir (Salix sp.) 4. Birki – bolur 5. Birki/ Fjalldrapi 6. Birki 7. Birki 8. Birki	29 ár 14 ár 9 ár 7 ár 20 ár 16 ár 12 ár 18 ár	Nei, of hár eiginaldur Já, frekar gott velja frekar nr. 7 Já Nei úr bol ekki við börk Nei, of hár eiginaldur Já Já. Gott fyrir C-14 greiningu Nei

Tafla 3. Niðurstöður viðargreiningar á Mógilsá. Feitletrað er sýnið sem var C-14 greint (leturbreytingar höf.).



Tafla 4. Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. 39 frá Hólmi. Þessi niðurstaða er mjög í stíl við fyrri C-14 niðurstöður frá Hólmi. Þó eru þær aðeins yngri ef eitthvað er. Hugsanlega er stoðin, sem í holunni var, tengd hinu nýja hlutverki sem skálinn hefur sennilega fengið, þ.e.a.s. skepnuhús.

5.2 Gjóskusýni

Aðeins var eitt gjóskusýni var tekið, en til stendur að gera sérstakt átak í þeim efnum á næsta ári, fáist til þess fé.

Sýnið var tekið úr lagi nr. 11 (sjá mynd 12) og sent til dr. Þorvaldar Þórðarsonar hjá *School of GeoSciences* við Háskólann í Edinborg. Niðurstöður eru væntanlegar í lok janúar 2008.

6 Niðurstaða

Ýmislegt bendir til þess að um tvo skála sé að ræða í Hólmi (hús 3 og hús 5). Af þeirri einföldu ástæðu að líklegra er að skála hafi verið breytt í skepnuhús en ekki öfugt, þá hlýtur hús 5 að vera eldra en hús 3. Þetta kemst vonandi á hreint við frekari rannsóknir.


Mun minna virðist vera að gerast sunnan við hús 5, skálann, en t. d. á milli húsa 1, 3 og 4. Þetta bendir til þess að menn hafi ekki farið mikið þar um og því hljóta það að hafa verið skepnur sem farið hafa um suðurdyr á skálagaflinum. Utan við jarðhýsið á blótstaðnum var meiri umferð manna norðan og austan við jarðhýsið, en sunna við skálann. Þar sem dyr eru á austur langhlið húss 5, skála, gæti verið viðbygging sem ekki var könnuð nú. Verður það vonandi gert síðar.

Tvær lang algengustu gripategundirnar eru skrautsteinar og kljásteinar. Um skrautsteina er það að segja að það er snúin gripategund. Engin mannaverk eru á þeim og því ekki hægt að fullyrða að um raunverulega gripi sé að ræða. Hins vegar eru margir þeirra greinilega aðfluttir þar sem þeir liggja í mannvistarlögum, flestir lábarðir. Steinarnir finnast aðeins þar sem umferð manna var.

Af 16 kljásteinum sem nú hafa fundist á bæjarstæðinu eru aðeins fjórir þeirra úr húsi 5, meintum eldri skála. Aftur á móti hafa tveir af þremur snældusnúðum fundist í skálanum. Af þessu mætti draga þá ályktun að vefnaður hafi farið fram í öðrum húsum en skálanum, en spuni aftur á móti farið fram þar.

Næstu skref rannsókna í Hólmi verða þau að klára hús 3 og 4. Einnig væri heppilegt að grafa þann hluta sem ekki var grafinn við hús 1 og fá betur á hreint hvernig veggjagerðin var. Þess má geta að þar fannst afar fallegur hamar (mynd 21) sem gæti gefið fyrirheit um fleiri verkfæri.

Mynd 21. Hamarshausinn sem fannst í húsi 1 sumarið 1997 (fundarnr. 7). Slíkur hamar hefur verið notaður í fínna smíðar svo sem málmsmíði (Teikn. Andreas Áhmann. Úr Bjarni F. Einarsson 2002).



Komið hefur í ljós að þar sem smátangar eða oddar eru til norðurs á vogskornu rofabarðinu á bæjarstæði Hólms virðast vera hús. Ástæðan kann að vera sú að meiri mótspyrna er þar vegna torfveggja og þéttara rótarkerfis þar sem næring er mikil vegna mannvistarlaga. Því þyrfti að rannsaka nær allt rofabarðið frá veginum við dæluhúsið að húsi 5, og jafnvel vestur af því.

7 Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.
- Ibid. -*Hólmur í mynni Laxárdals - Skýrsla yfir prufurannsóknir á fornbylínu Hólmur í mynni Laxárdals*, Austur Skaftafellssýslu, 13. - 16. ágúst 1996. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1997.
- Ibid. (a) -*Hólmur í mynni laxárdals- II. Skýrsla yfir fornleifarannsókn á fornbylínu Hólmi og kumli í mynni Laxárdals*, Austur Skaftafellssýslu, 26. júní t. o. m. 18. júlí 1997. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 1998.
- Ibid. (b) „Hólmur. Kumli og landnámsbær í mynni Laxárdals í Nesjum.“ *Skaftafellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. 12. árgangur. Höfn 1998.
- Ibid. -*Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir [Selhrygg]*. Skýrsla III. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2000.
- Ibid. -*Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir Selhryggnum*. Skýrsla IV. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2001.
- Ibid. -*Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús og bæjarstæði undir Selhrygg*. Skýrsla V. Viðauki: Vindás/Hof. Forn rúst á Steinadal í Suðursveit. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2002.
- Ibid. -*Hólmur í mynni Laxárdals. Leit að skála á bæjarstæði*. Skýrsla VI. Viðauki: Intréttasta växtmakrofossil har þátráffats í Hólmur. Annika Söderlind. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2003.
- Ibid. -*Hólmur í mynni Laxárdals. Skáli*. Skýrsla VII. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2007.
- Hood, Darden. Niðurstöður C-14 greiningar hjá Beta Analytical Inc. í Florida. Dags. 29. nóvember 2007.
- Kristján Eldjárn. „Papey. Fornleifarannsóknir 1967 – 1981. Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka.“ *Árbók Hins isl. fornleifafélags 1988*. Reykjavík 1989.
- Landnámabók Íslands*. Einar Arnórsson bjó til prentunar. Reykjavík 1948.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. *Íslands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfsdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Reykjavík 1989.
- Ólafur Eggertsson. Viðargreiningar, niðurstöður. Bréf dags. 16. okt. 2007. Mógilsá. Rannsóknastöð Skógræktar..
- Sýslu og sóknarlýsingar*. Skaftafellssýsla. Reykjavík 1997.
- Uppdráttur Íslands*. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

8 Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Bæjarstæði fornbylisins Hólms í Laxárdal í Nesjum, A-Skaftafellssýslu.

Staðfræðikort og/eða önnur kort

Uppdráttur Íslands. Aðalkort. Blað 9 (E2n). Suðausturland. Landmælingar Íslands 1976.

Verkkaupandi/kostunaraðili

Fjármálaráðuneytið, Fornleifasjóður, Fornleifafræðistofan, Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Ábyrgðaraðili:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

21. maí 2007.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.
 Sandra Sif Einarsdóttir, fornleifafræðingur.
 Inga Hlín Valdimarsdóttir, fornleifafræðingur.
 Brynhildur Baldursdóttir, fornleifafræðingur.
 Ármann Guðmundsson, fornleifafræðinemi.
 Íris Lind Bjarnadóttir, nemi.
 Björn G. Arnarsson, safnvörður á Sýslusafni Hornafjarðar.

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands.

Rannsóknartími:

25. júní - 13. júlí 2007.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Um 120 m² og um 110 m².

Geymsla gagna:

Öll gögn verða geymd á Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið.


Skýrsla hjá:

M.a. Fjármálaráðuneytinu, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Fornleifavernd ríkisins, og Fornleifafræðistofunni.


Skrár


1	Fundaskrá bæjarstæðis 2007	bls 21
5	Sýnaskrá 2007	bls 23
2	Litskygguskrá 2007	bls 24
4	Stafrænar ljósmyndir 2007	bls 29


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
103	26.06.2007	Brýni	Flöguberg
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Skáli		397,88 504,39 18,75
Fannst utan í vestur kampi, utarlega. Staðsetning miðast við nýtt hnitakerfi, sem var lagt af. Z er leiðrétt. Sjá staðsetningu á teikningu.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
105	03.07.2007	Hnoðnagli	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 3	-	202,66 220,36 19,17
Fannst í m - lagi/torfveg (truflaður blettur vegna rofs).			


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
107	06.07.2007	Eldsláttusteinn	Hraftinna
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Renna	-	- 18,52
Í rennu um 2 m suður af dyrum í skála. Trúlega lítið eitt brennd. Staðsetning sést á teikningu.			


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
109	10.07.2007	Skrautsteinn	Glerhallur
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 3		203,04 215,83 19,26
Lábarinn.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
1113	11.07.2007	Skinna	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað		199,15 210,61 19,26
Fannst við hús 3			


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
113	11.07.2007	Skinna	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 3		197,95 220,66 19,14
Fannst í suðurdyrum húss 3.			


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
104	26.06.2007	Járn	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað		391,57 508,57 18,72
Fannst suð-austast á rannsóknarsvæðinu við hús 5. Staðsetning miðast við nýtt hnitakerfi, sem var lagt af. Z er leiðrétt. Sjá staðsetningu á teikningu.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
106	05.07.2007	Eldsláttusteinn	Glerhallur
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Renna		397,37 505,32 17,94
Fannst í rennu suður af skála.			


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
108	09.07.2007	Járn	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hlað		198,32 221,05 19,20
Fannst utan við hús 3.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
110	10.07.2007	Kola	Kléberg
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 3		203,26 216,00 19,28
Fallegur gripur. Fannst inni í húsi 3, hugsanlega í dyrum inn í meintan skála.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
112	11.07.2007	Glerhallur	Glerhallur
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 3		202,68 217,32 19,16
Óvenju stór og fallegur glerhallur.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
114	12.07.2007	Járnpinni	Járn
		Mannvirki	Nr. lags
		X	Y Z
Athugasemdir	Hús 3		203,64 215,92 19,18
Fannst inni í húsinu.			

Fundaskrá

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
115	12.07.2007	Glerhallur	Glerhallur
	Mannvirki	Nr. lags	X Y Z
Athugasemdir	Hús 3		203,50 216,51 19,14
Fannst inni í húsinu.			

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður
116	12.07.2007	Kljásteinn	Steinn
	Mannvirki	Nr. lags	X Y Z
Athugasemdir	Hlað		205,15 218,58 19,16
Fannst rétt norðan við prufuholu 6 og líklega í gömlu rofabarði. Borað gat, heilt. Gæti hafa verið fast upp við vegginn, í seti.			

Nr. 38	Dags 29/06/2007	Teg. sýnis Viðarkol	Greining? Teg. og aldur	G	
Niðurstæða Birki og fjalldrapi			Mannvirki Púst/bunga		
X 395	Y 504,5	Z 29,98	Dýpi -	Lag M-lag	Númer lags -

Nr. 39	Dags 29/06/2007	Teg. sýnis Viðarkol	Greining? Teg. og aldur	G	
Niðurstæða Birki/fjalldrapi, birki og víðir. 1130 ±40 BP. 870 - 1010 AD (2 sigma)			Mannvirki Stoðarhola 4		
X 396,10	Y 507,12	Z 28,68	Dýpi	Lag Fylling	Númer lags -

Nr. 40	Dags 02/07/2007	Teg. sýnis Viðarkol	Greining? Teg. og aldur	G	
Niðurstæða			Mannvirki Stoðarhola 4		
X 396,27	Y 507,06	Z 28,66	Dýpi	Lag Fylling	Númer lags -

Nr. 41	Dags 13/07/2007	Teg. sýnis Gjóska	Greining? Aldur	G -	
Niðurstæða			Mannvirki Hlað		
X -	Y -	Z -	Dýpi -	Lag Gjóska	Númer lags 11

Nr. 42	Dags 12/07/2007	Teg. sýnis Jarðvegur	Greining? Hár o.fl.	G >125	
Niðurstæða			Mannvirki Renna		
X 396,60	Y 505,13	Z 18,55	Dýpi -	Lag Fylling	Númer lags -

Ljósmyndaskrá. Litur

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
25/06/2007	17	1	NNV	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið við skálann, hús 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
28/06/2007	17	2	NA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Yfirlit yfir þúst/bungu á rannsóknarsvæðinu suður af skála, húsi 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
29/06/2007	17	3	NNA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Stoðarhola 4 á hlaðinu sunnan við skálann, hús 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
29/06/2007	17	4	NNA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Stoðarhola 4 á hlaðinu sunnan við skálann, hús 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
29/06/2007	17	5	NNA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Stoðarhola 4 á hlaðinu sunnan við skálann, hús 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

Ljósmyndaskrá. Litur

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
29/06/2007	17	6	SSV	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Hluti af suðursniði rannsóknarsvæðisins. O-1362 langt fyrir ofan. Glittir líklega í 1206 gjósku.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
02/07/2007	17	7	NNA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Snið stoðarholu 4 suður af skála, húsi 5. Sjá má viðarkolalagið aðallega t.v. (vestan megin).				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
02/07/2007	17	8	NNA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Snið stoðarholu 4 suður af skála, húsi 5. Sjá má viðarkolalagið aðallega t.v. (vestan megin).				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
02/07/2007	17	9	NNA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið sunnan við skálann, hús 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
02/07/2007	17	10	SSV	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Púst/bunga suður af skála, húsi 5. Sjá má leifar af torfstrengjum í sniði og t.h., og viðarkolalag t.v.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

Ljósmyndaskrá. Litur

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
02/07/2007	17	11	ASA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Þúst/bunga með sniði suður af skála, húsi 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Bjarni F. Einarsson					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
03/07/2007	17	12	ASA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Þúst/bunga með sniði suður af skála, húsi 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Sandra Sif Einarsdóttir					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
03/07/2007	17	13	ASA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Torfflyksur í austurhluta bungunnar.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Sandra Sif Einarsdóttir					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
03/07/2007	17	14	SSV	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Þúst/bunga með sniði suður af skála, húsi 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Sandra Sif Einarsdóttir					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
03/07/2007	17	15	ASA	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Þúst/bunga með sniði suður af skála, húsi 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Sandra Sif Einarsdóttir					

Ljósmyndaskrá. Litur

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	<i>Filmteg.</i>	<i>Myndavél</i>
03/07/2007	17	16	SSV	Fujichrome 200	Olympus IS-200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>				
Zoom 28-110 mm	Púst/bunga með sniði suður af skála, húsi 5.				
<i>Ljósmyndari</i>					
Sandra Sif Einarsdóttir					

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>		
Hólmur	Hornafjörður		Austur-Skaftafellssýsla		
